Article XIII

Transitional provision, entry into force and duration

1. This Agreement supersedes the Agreement of June 7, 1985 between the Parties with regard to support to the MONAP Programme. Funds remaining after the expiry of that agreement shall be used as additional funds for projects covered by this Agreement.

2. This Agreement shall enter into force provisionally on January 1, 1986 and definitely after the fulfilment of such constitutional requirements as may be necessary in the countries whose governments are parties to this Agreement. Notification regarding fulfilment of such requirements shall be given through diplomatic channels to all other government parties to this Agreement. Following notification of fulfilment of the requirements mentioned above, this Agreement shall remain in force until June 30, 1988.

3. The Agreement may be terminated by either Party upon the serving of written notice to the other. Such notice shall be served not later than three months before the end of the annual budget period and the Agreement shall terminate at the expiry of the budget period in which such notice is served. Such written notice shall, however, not be served until consultations to that effect have taken place between the Parties.

Done in two original texts in English in Maputo on July 16, 1986

For the Governments of
Denmark, Finland, Iceland,
Norway and Sweden

Bo Kälfors

For the Government of
the People's Republic
of Mozambique

J. dos Santos Ferreira

Nr. 15 18. desember 1986

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Hinn 24. september 1986 var undirritaður í New York samningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna. Jafnframt var undirritað samkomulag milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi samning til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Með ályktun 28. október 1986 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og var skipst á fullgildingarskjölum 31. október 1986. Samningurinn og samkomulagið tóku gildi þann dag, sbr. 2. gr. samningsins og 2. tl. samkomulagsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og samkomulagið sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku,

minnugar þess að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa með varnarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var 5. maí 1951 („varnarsamningurinn"), um langt skeið gert ráðstafanir varðandi notkun aðstöðu á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til;

taka mið af mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna, svo og einstæðu gildi hans fyrir Norður-Atlantshafsbandalagið;

viðurkenna þörfina á því að Ísland og Bandaríkin beri skyldur og njóti réttinda samkvæmt varnarsamningnum með sanngjörnum hætti;

taka tillit til langvarandi þátttöku skipa, sem gerð hafa verið út af íslenskum skipafélögum, og bandarískra skipa í flutningum á hervarningi milli Bandaríkjanna og Íslands í þágu varnarráðstafana á grundvelli varnarsamningsins;

viðurkenna að sanngjörn þátttaka skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins muni treysta samskipti aðilanna og bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála;

viðurkenna þá höfuðnauðsyn að fullnægjandi sjóflutningar milli Íslands og Bandaríkjanna með skipum, sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum, og bandarískum skipum verði tryggðir meðan varnarsamningurinn er í gildi;

árétta skerf Íslands til hinna nauðsynlegu samgangna á sjó er tengja aðila Norður-Atlantshafsbandalagsins;

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

TREATY

between the Republic of Iceland and the United States of America to Facilitate their Defense Relationship

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America,

Considering that the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America have, by the Defense Agreement Pursuant to the North Atlantic Treaty between the Republic of Iceland and the United States of America, signed on May 5, 1951 ("Defense Agreement"), long maintained arrangements for the use of facilities in Iceland in defense of Iceland and thus also the North Atlantic Treaty area;

Noting the significance of the Defense Agreement in Icelandic-United States relations as well as its unique importance to the North Atlantic Treaty Organization;

Recognizing the need for equitable participation by Iceland and the United States in the burdens and benefits of the Defense Agreement;

Taking into account the historic participation of vessels operating for Icelandic shipping companies and vessels of the United States in the carriage of military cargo between the United States and Iceland in support of the defense arrangements established pursuant to the Defense Agreement;

Recognizing that equitable participation of vessels of both countries in the carriage of cargoes for purposes of the Defense Agreement will strengthen the relations of the Parties and further mutual cooperation in essential areas of defense;

Acknowledging the vital importance of securing adequate ocean transportation services between Iceland and the United States with vessels operating for Icelandic shipping companies and vessels of the United States during the period of the Defense Agreement;

Reaffirming the contribution of Iceland to the vital sea link that binds the members of the North Atlantic Treaty Organization;

Have agreed as follows:

1. gr.

Flutningaþjónusta á sjó milli Íslands og Bandaríkjanna með varning vegna varnarsamningsins skal látin í té af bandarískum skipum og skipum, sem íslensk skipafélög gera út, á grundvelli samkeppni samkvæmt grein þessari milli flytjenda er sigla undir Bandaríkjafána og íslenskra skipafélaga. Slík samkeppni skal leiða til samninga er tryggi að bæði flytjendum er sigli undir Bandaríkjafána og íslenskum skipafélögum verði unnt að taka virkan þátt í flutningunum. Þessum markmiðum verði náð með því að Bandaríkin og Ísland komi sér saman um hlutfallsskiptingu varnings, sem flytja skal sjóleiðis vegna varnarsamningsins, milli skipa, sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum, og bandaríska skipa á grundvelli slíkrar samkeppni.

ARTICLE I

Transportation services for cargo transported by sea between Iceland and the United States for purposes of the Defense Agreement shall be provided by vessels of the United States and vessels operated by Icelandic shipping companies on the basis of competition between United States flag carriers and Icelandic shipping companies pursuant to this Article. Any such competition shall result in contract awards that ensure that both United States flag carriers and Icelandic shipping companies are able to maintain a viable presence in the trade. To ensure achievement of these objectives, the percentage of cargo transported by sea for purposes of the Defense Agreement that is allocated between vessels operated by Icelandic shipping companies and vessels of the United States on the basis of such competition shall be determined by agreement between the United States and Iceland.

2. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku í samræmi við stjórnskipunarreglur ríkjanna. Hann tekur gildi þegar skipst hefur verið á fullgildingarskjölum í Reykjavík.

ARTICLE II

This Treaty shall be ratified by the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America in accordance with their respective constitutional processes. It shall enter into force upon the exchange of instruments of ratification at Reykjavik.

3. gr.

(1) Samningur þessi skal gilda meðan varnarsamningurinn eða samningur, sem kemur í hans stað, er í gildi. Hvor aðili um sig getur hvenær sem er tilkynnt hinum að hann hyggist segja samningi þessum upp. Uppsögn tekur gildi 12 mánuðum eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

(2) Samningur þessi skal ekki hindra ráðstafanir sem hvor aðili um sig telur nauðsynlegar til verndar brýnum öryggishagsmunum sínum.

ARTICLE III

(1) This Treaty shall remain in force as long as the Defense Agreement or a successor agreement remains in force. Either Party may, at any time, give notice to the other of its intention to terminate this Treaty. Termination shall take effect 12 months from the date of such notice.

(2) This Treaty shall not preclude the application of measures deemed necessary by either Party to protect its essential security interests.

4. gr.

Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er samkvæmt 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum sérhverra eldri laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku sem ekki samrýmast þeim.

ARTICLE IV

The provisions of this Treaty and any implementing arrangements concluded pursuant to Article I shall apply notwithstanding any prior inconsistent law or regulation of the Republic of Iceland or the United States of America.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í New York hinn 24. september 1986 í tvíriti á ensku. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands mun láta í té opinbera þýðingu samningsins á íslensku fyrir milligöngu utanríkisþjónustu landanna.

FYRIR RÍKISSTJÓRN
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS:
Matthías Á. Mathiesen

FYRIR RÍKISSTJÓRN
BANDARÍKJA AMERÍKU:
George P. Shultz

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized for this purpose, have signed this Treaty.

DONE at New York, this 24th day of September, 1986, in duplicate in the English language. The Government of the Republic of Iceland shall provide through diplomatic channels the official translation of the Treaty in the Icelandic language.

FOR THE GOVERNMENT OF THE
REPUBLIC OF ICELAND:
Matthías Á. Mathiesen

FOR THE GOVERNMENT OF THE
UNITED STATES OF AMERICA:
George P. Shultz

Fylgiskjal 2.

SAMKOMULAG

milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi samning til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku

hafa vegna samnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var í New York hinn 24. september 1986

orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Flutningaþjónusta á sjó milli Íslands og Bandaríkjanna með varning vegna varnarsamningsins skal látin í té af bandarískum skipum og skipum, sem íslensk skipafélög gera út, á grundvelli samkeppni sem með víssu millibili verði efnt til milli flytjenda er sigla undir Bandaríkjafána og íslenskra skipafélaga. Skulu hverju sinni gerðir samningar við bæði íslenskt skipafélag og flytjanda er siglir undir Bandaríkjafána, þannig að lægstbjóðandi flytji allt að 65 af hundraði varningsins og sá frá hinu landinu, sem átti tilboð næst tilboði lægstbjóðanda, flytji afganginn; þó skal ekkert vera því til fyrirstöðu að lægstbjóðandi flytji meiri varning ef bjóðandinn frá hinu landinu er ekki til reiðu. Ef hið næstlægsta tilboð er frá flytjanda er siglir undir Bandaríkjafána og hið bandaríska stjórnvald, sem annast samnings-

MEMORANDUM OF UNDERSTANDING

between the Republic of Iceland and the United States of America in Implementation of the Treaty to Facilitate their Defense Relationship

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America,

In implementation of the Treaty between the Republic of Iceland and the United States of America to Facilitate their Defense Relationship, signed at New York on September 24, 1986,

Have agreed as follows:

1. Transportation services for cargo transported by sea between Iceland and the United States for purposes of the Defense Agreement shall be provided by vessels of the United States and vessels operated by Icelandic shipping companies on the basis of periodic competitions between United States flag carriers and Icelandic shipping companies. Each competition shall result in contract awards to both an Icelandic shipping company and a United States flag carrier such that not to exceed 65 percent of the cargo shall be carried by the lowest bidder and the remainder shall be carried by the next lowest bidder of the other country, provided that the lowest bidder shall not be precluded from carrying additional cargo if the next lowest bidder of the other country is unavailable. However, in the

gerð, tilkynnir honum að það telji tilboð hans óréttmætt skal hann þó láta í té öll gögn um kostnað hans við flutningana. Hið bandaríska stjórnvald skal kanna gögn þessi og gera síðan samning um réttmætt flutningsgjald sem tekur viðunandi tillit til kostnaðar skipafélagsins, miðað við eðlilega hagkvæmni í rekstri, auk sanngjarns hagnaðar. Ef hið næstlægsta tilboð er frá íslensku skipafélagi og hið bandaríska stjórnvald, sem annast samningsgerð, telur tilboðið óréttmætt skulu aðilar að samkomulagi þessu hafa með sér samráð í því skyni að ákvarða réttmætt flutningsgjald.

2. Samkomulag þetta tekur gildi á gildistökudegi samnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var hinn 24. september 1986. Gildistími samkomulags þessa skal vera hinn sami og samningsins.

3. Aðilar skulu árlega endurskoða framkvæmd þessa samkomulags í því skyni að efla samkeppni og tryggja raunhæfa þátttöku skipafélaga frá báðum löndunum í flutningunum. Samkomulagi þessu má breyta hvenær sem aðilar verða ásáttir um það.

event that the next lowest bidder is a United States flag carrier and the United States contracting authority notifies that carrier that it believes that the carrier's bid is unreasonable, the carrier shall submit all data pertinent to its costs of carriage. These data shall be reviewed by the United States contracting authority, which shall award this contract at a fair rate that adequately covers the carrier's costs, assuming normal efficiencies of operation, plus a reasonable profit. If the next lowest bidder is an Icelandic shipping company and the United States contracting authority believes that its bid is unreasonable, the Parties shall consult with a view to establishing a reasonable rate for the contract.

2. This Memorandum of Understanding shall enter into force on the date of entry into force of the Treaty between the Republic of Iceland and the United States of America to Facilitate their Defense Relationship, signed on September 24, 1986. This Memorandum of Understanding shall remain in force as long as that Treaty remains in force.

3. The Parties shall review on an annual basis the operation of this Memorandum of Understanding with a view to enhancing competition and ensuring the viability of the carriers of both countries operating in the trade. This Memorandum of Understanding may be amended by mutual agreement of the Parties at any time.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

GJÖRT í New York hinn 24. september 1986 í tvíriti á ensku. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands mun láta í té opinbera þýðingu samkomulagsins á íslensku fyrir milligöngu utanríkisþjónustu landanna.

FYRIR RÍKISSTJÓRN
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS:
Matthías Á. Mathiesen

FYRIR RÍKISSTJÓRN
BANDARÍKJA AMERÍKU:
George P. Shultz

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized for this purpose, have signed this Memorandum of Understanding.

DONE at New York, this 24th day of September, 1986, in duplicate in the English language. The Government of the Republic of Iceland shall provide through diplomatic channels the official translation of the Memorandum of Understanding in the Icelandic language.

FOR THE GOVERNMENT OF THE
REPUBLIC OF ICELAND:
Matthías Á. Mathiesen

FOR THE GOVERNMENT OF THE
UNITED STATES OF AMERICA:
George P. Shultz